

Hrafnkell Lárusson

Erindi á aðalfundi SSA

grunnskólanum á Vopnafirði, 19. september 2014

Erindi mitt hér í dag byggir á rannsókn sem ég vann á vegum Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands. Um var að ræða sjálfstæða rannsókn sem hófst sumarið 2013 og lauk sl. vor. Hún beindist að starfsemi svæðisbundinna fjölmiðla á Austurlandi og þróun þeirra á tímabilinu 1985-2010.

Í þessu stutta erindi ætla ég að koma inn á tengsl svæðisfjölmiðla og staðbundins lýðræðis og áhrifum þessa á hvort annað.

Ég bendi á að í fundargögnum er ítarefni sem fylgir þessu erindi.

Á nýliðnu vori var kosið til bæjar- og sveitarstjórna. Sem kjósanda og áhugamannni um lýðræði fannst mér heldur hljótt yfir aðdraganda þessara kosninga hér eystra. Mér þótti mismunur á afstöðu framboða til málefna í því sveitarfélagi sem ég bý í (Fljótsdalshéraði) t.a.m. ekki komast nógu skýrt á framfæri. Um sömu hluti í nágrennasveitarfélögum heyrði maður mest lítið.

Skömmu fyrir kosningar lýsti Sigrún Blöndal oddviti Héraðslistans á Fljótsdalshéraði áhyggjum sínum, í innsendri grein á Austurfrétt, af því að kjósendur hefðu lítinn áhuga á kosningunum og velti hún fyrir sér ástæðum þess. Áhyggjur Sigrúnar voru réttmætar, eins og síðar mátti sjá af kjörsókn sem hefur minnkað um 8,8% á Austurlandi frá kosningunum 2006 (eins og sjá má á töflu sem fylgir fundargögnum) en um 12,2% á landinu öllu á sama tíma.

Hvað veldur þessari þróun er ekki ljóst. Líklega eru ástæðurnar margar. En afleiðingin er augljós. Þeim sem finnst ástæða til að taka þátt í þeim hluta lýðræðisins sem eru almennar kosningar fer fækkandi og þannig veikist umboð þeirra sem eru kjörnir til að starfa í þágu samfélagsins. Dræm kjörsókn er ekki sér-austfirskt vandamál en hún er þó umhugsunarefni hér sem annarsstaðar, einkum m.t.t. þess að kjörsókn í fámennari sveitarfélögum hefur jafnan verið áberandi betri en í þeim fjölmennustu.

Í áðurnefndri grein Sigrúnar Blöndal spyr hún m.a.: „Höfum við sveitarstjórnarfólkið e.t.v. ekki staðið okkur í að miðla til íbúa hver verkefni sveitarfélagsins eru og hvernig stendur til að leysa þau?“ Ég tel að svarið við

Þessari spurningu sé já. Og í þessu liggi hluti skýringar á minnkandi áhuga almennings á kosningum. Málefni sveitarfélaga á Austurlandi rötuðu sjaldan í fréttir stærri fjölmiðla á síðasta kjörtímabili og opinber skoðanaskipti um þau í fjölmiðlum eru sjaldséð.

Það er þáttur í starfi hefðbundinna fjölmiðla, sem flytja fréttir og fjalla um dægurmál, að vera í sífelldu samtali og samskiptum við nærumhverfi sitt. Hvað gerist í nærumhverfinu mótar efnistöð fjölmiðlanna og umfjöllun þeirra dregur athygli samfélagsins að þeim málum sem um er fjallað. Þetta samband er sérstaklega náið í tilfelli svæðisfjölmiðla. Náðin í samfélaginu er veigamikil atriði í þessum efnum, bæði sem kostur og galli. Þéttriðið tengslanet auðveldar aðgang að upplýsingum og fólki en setur starfsmenn svæðisfjölmiðla líka í meira návígi við samfélagið sem gerir á tíðum harðar kröfur til þeirra.

Gagnkvæm áhrif svæðisfjölmiðla og samfélaga birtast hvað skýrast í upplýsingaflæðinu. Virkni samfélaga við að koma á framfæri við svæðisfjölmiðlana upplýsingum um umfjöllunarverð mál og atburði styrkir fjölmiðlana og gerir þá að öflugra tæki við að upplýsa samfélagið og líka við að móta ímynd þess. Í gegnum reglulegt samspil geta samfélögin þannig verið virkur þátttakandi í dreifingu upplýsinga og sköpun eigin ímyndar bæði innávið og útávið. Öflug dreifing upplýsinga innan svæðis eflir þekkingu íbúa á málefnum þess og er líkleg til að gera þá áhugasamari um eigið nærumhverfi og viljugri til þátttöku í samfélaginu.

Til þess er ætlast af svæðisfjölmiðlum að þeir hlúi að samfélögunum sem þeir starfa í. Þetta er nauðsynlegur þáttur í starfi þeirra því fjölmiðill sem kominn er upp á kant við samfélagið þrífst ekki lengi í því. Ef neytendur snúa baki við fjölmiðlinum munu auglýsendur gera slíkt hið sama og þá verður brátt sjálfhætt. Starf blaða- og fréttamanna á svæðisfjölmiðlum er því samfelldur línudans á milli þess að starfa annars vegar faglega og af metnaði við að sinna þremur meginhlutverkum fjölmiðla (aðhalds-, upplýsinga- og umræðuhlutverkum) og hins vegar að þóknast almennu viðhorfi íbúa varðandi hvaða mynd fjölmiðillinn dregur upp af samfélaginu. Þetta tvennt fer ekki alltaf vel saman einkum þegar algengt er að ýmsir séu tilbúnir til að reyna að stýra umfjöllun svæðisfjölmiðla. Að kjörnir fulltrúar eða embættismenn sveitarfélaga beiti sér gegn svæðisfjölmiðlum, hótí þeim eða leggi þeim línur um umfjöllunarefni eða efnistöð (eins og dæmi eru því miður um), er ógn við lýðræði á svæðinu og ber vott um einræðistilburði þeirra sem slíkt gera, skilningsleysi á starfsemi fjölmiðla og virðingarleysi fyrir mikilvægi sjálfstæðis þeirra.

Fyrir svæðisfjölmiðla sem lifa eingöngu á áskriftar- og auglýsingatekjum hefur þróunin almennt verið sú að vegna tekjusamdráttar minnkar svigrúmið til vandaðrar efnisvinnslu. Það eykur svo líkur á að „léttmeti“ verði meira áberandi í efni fjölmiðilsins. Þetta er bein afleiðing af fjárhagslegum þrengingum og því að ritstjórnir eru fámennar og starfsmenn fjölmiðlanna þurfa að verja stærri hluta vinnutímans í rekstur miðilsins í stað þess að sinna ritstjórn og efnisöflun. Annað sem getur sett svæðisfjölmiðlum ritstjórnarlegar skorður er hve algengt er að þeir séu fjárhagslega háðir einum eða fáum aðilum sem eru eigendur miðilsins eða stærstu auglýsendur hans (eða styrktaraðilar). Slíkir aðilar eru jafnan fyrirferðarmiklir í samfélaginu og þræðir þeirra liggja víða. Þegar tengsl fjölmiðils við hagsmunaaðila eru áberandi getur það haft neikvæð áhrif á viðhorf íbúa til trúverðugleika og óhlutdrægni viðkomandi fjölmiðils. Á móti kemur að fjölmiðillinn á óhægt um vik að losa um slík tengsl þar sem hann er háður tekjunum sem þau skapa. Að slíta tengslin myndi því líklega jafngilda því að hætta starfsemi.

Svæðisbundir fjölmiðlar gegna mikilvægu hlutverki gagnvart stofnunum samfélagsins og svæðisbundnu lýðræði (bæjar- og sveitarstjórnnum og stofnunum þeirra). Íbúar eiga enda rétt á að vita hvaða ákvarðanir eru teknar er varða þeirra samfélag, hverjir taka þessar ákvarðanir, hvernig og á hvaða forsendum. Í þessu tilliti er þörf fyrir öfluga svæðisfjölmiðla með sjálfstæða ritstjórn sem veita aðhald, kalla eftir upplýsingum, vinna úr þeim og koma á framfæri við samfélagið.

Þeir fjölmiðlar sem nú starfa á landsvísu hafa bæði takmarkað rými, getu og áhuga á að sinna málefnum fámennari byggða. Því er hætt við að þögn ríki um mörg hagsmunamál íbúa á fámennari svæðum ef svæðisfjölmiðlar eru veikir eða ekki til staðar. Vöntun á þeim er til þess fallin að ala á tortryggni gagnvart stjórnsýslu og kjörnum fulltrúum og leiða til áhugaleysis íbúa á málefnum samfélagsins sem og á þátttöku í lýðræði.

Frá síðustu aldamótum hefur starfsemi fjölmiðla á Austurlandi dregist mjög mikið saman. Árið 1998 störfuðu 16 manns við fjölmiðlun á núverandi starfssvæði SSA. Árið 2006 voru þeir 11 en í dag eru þeir 5. Svo mikil fækkun starfsmanna kemur niður á getu fjölmiðlanna. Stærsta breytingin í þessu sambandi var þegar stærsti svæðisfjölmiðillinn, Svæðisútvarp Austurlands, var lagður niður í byrjun árs 2010. Við það dróst opinber umræða innan svæðisins um margvísleg málefni þess, t.d. atvinnu-, sveitarstjórnar- og menningarmál, gríðarlega saman og opinber skoðanaskipti í ljósvakamiðlum um málefni Austurlands nánast hurfu. Fréttaflutningi af svæðinu og innan þess er sinnt eftir sem áður en eðlilega er krafturinn minni þegar svo fáir starfandi fjölmiðlamenn eru eftir.

Eftir niðurlagningu Svæðisútvarpsins stóðu íbúar Austurlands eftir verr upplýstir en áður um hvað var um að vera innan Austurlands. Einnig er alvarlegt fyrir þróun lýðræðis á Austurlandi að með niðurlagningu svæðisbundinnar starfsemi RÚV dróst stórlega saman það aðhald sem stjórnsýsla og fyrirtæki á svæðinu fengu auk þess sem þarna hvarf helsti vettvangur upplýsingagjafar og skoðanaskipta. Áður áttu íbúar auðveldara með að krefjast skýringa á ýmsum samfélagsmálum af þeim sem með þau fara. Þetta er líka slæmt fyrir forsvarsmenn sveitarfélaga og fyrirtækja á svæðinu sem gátu áður nýtt þennan vettvang til að skýra sinn málstað og koma upplýsingum á framfæri og vinna þannig gegn misskilningi og sögusögnum meðal íbúa.

Með tilliti til erfiðleika einkarekinna svæðisfjölmiðla og brotthvarfs stærri fjölmiðla af Austurlandi er eðlilegt að spyrja hvort svæðisbundin fjölmiðlun eigi yfir höfuð framtíð fyrir sér. Það virðast hún þó eiga. Ef lítið er til niðurstaðna kannana kemur í ljós að eftirspurn er eftir svæðisfjölmiðlum og áhugi á að þeir starfi og séu öflugir.

Austfirskt fjölmiðlaumhverfi breyttist mikið frá árinu 1985 til ársins 2010 og hélst sú þróun á margan hátt í hendur við almenna þróun fjölmiðla í landinu sem svo dregur dóm af þróun fjölmiðla í nágrannalöndunum. Þó miklar tæknibreytingar hafi orðið og leiðin legið frá flokksfjölmiðlum til einkarekinna netmiðla (svo dregin sé upp einföld mynd af breytingunum) þá er þörfin fyrir fjölmiðlun enn til staðar. Upplýsinganeysla fólks hefur stóraukist á undangengnum árum og framboð upplýsinga sömuleiðis. Sú þróun hefur ekki gert hefðbundna fjölmiðla óþarfa. Þvert á móti er þörfin fyrir þá enn mikil. Áður var það einkum fólgið í að miðla upplýsingum sem almenningur hafði takmarkaðan eða engan aðgang að en í dag er mikilvægið ekki hvað síst fólgið í að „ritstýra“ þeim upplýsingum sem til staðar eru og greina kjarnann frá hisminu.

Áhugi fólks á nærumhverfi sínu er enn mikill. Dreifing upplýsinga um það hefur færst í töluverðum mæli inn á samskiptamiðla á netinu á síðari árum. Sú „fjölmiðlun“ er hins vegar ótraust, dreifð og ristir oft grunnt. Þörfin fyrir svæðimiðlun er því enn til staðar. En ógnirnar sem að henni steðja eru það líka. Ein þeirra er sú hvort svæðisfjölmiðlunum tekst að halda í við þróun samfélagsins og þarfir þess fyrir upplýsingar og umfjöllun. Annað, en því tengt, er svo rekstrarlega hliðin. Munu svæðisfjölmiðlar lifa af ef þeir þurfa nær eingöngu að reiða sig á tekjur af auglýsingum frá einkaaðilum og félagasamtökum þegar tilhneigingin er sú að fjármagn leitar þangað sem meira er fyrir? Samfélagslegt mikilvægi lítilla fjölmiðla virðist ekki vega þungt á metunum þegar auglýsendur, bæði opinberir aðilar og einkaaðilar, velja hvernig fjármunum skuli varið.

Allir stærstu fjölmiðlar landsins hafa höfuðstöðvar sínar og nær alla starfsemi í Reykjavík. Starfsemi þeirra, líkt og annarra fjölmiðla, dregur dóm af umhverfi sínu sem mótar efnistöð og áherslur. Borgarsamfélagið er eðlisólíkt fámennari samfélögum landsins, þ.m.t. Austurlandi, og eðlilegt er að sjóndeildarhringur fólks í ólíkum samfélögum sé ekki sá sami. En sá halli sem er á fjölmiðlaumhverfinu biður heim hættunni á að gildismat borgarsamfélagsins sé yfirfært á landið allt og að íbúar fámennari byggða verði sjaldséð viðfangsefni fjölmiðla sem sinni þeirra samfélagi tilviljunarkennt og lítið.

Samsetning Ríkisútvarpsins, eina stóra fjölmiðils landsins sem hefur ótvíræðar skyldur við landsmenn alla, er lýsandi fyrir þessa stöðu þar sem um 95% starfsmanna RÚV eru staðsettir í Reykjavík og þeir fáu sem eru annarsstaðar eru nær allir á Akureyri. Þessu er ólíkt farið á hinum Norðurlöndunum þar sem svæðisbundin starfsemi almannautvarps er hluti grunnstarfsemi. Í Noregi er skipting starfsmanna t.a.m. þannig að um 55% eru í höfuðstöðvunum í Osló en 45% í svæðisstöðvum úti um allt land.

Dreifing á starfsemi fjölmiðla á Íslandi er skökk og skerpir á misræmi milli búsvæða á landinu. Svæðisbundnir fjölmiðlar reyna að sinna hinu þríþætta hlutverki hefðbundinna fjölmiðla á sínu svæði en gera það víða meir af vilja en mætti. Með tilliti til þróunar lýðræðis, aðhalds gagnvart valdhöfum, upplýsingadreifingar í nærsamfélagi og umræðu um samfélagsmál er mikilvægt að bæði ríki og sveitarfélög fari að huga meir að því hvert stefnir í fjölmiðlun. Er e.t.v. orðið tímabært að styðja með einhverjum hætti við svæðisfjölmiðla, m.t.t. mikilvægis þeirra fyrir samfélögin og þróun lýðræðis? Slíkt mætti t.d. gera með því að sú stefna yrði mörkuð hjá sveitarfélögum á Austurlandi að þau verji megninu af því fé sem nú þegar fer til auglýsinga til að auglýsa í svæðisfjölmiðlum sem birta ritstjórnarefni. Að það sé nær alfarið komið undir einkaaðilum á auglýsingamarkaði HVORT fjölmiðlar þrífist og veiti þjónustu er varasöm þróun, sérstaklega fyrir samfélags- og lýðræðisþróun á fámennari búsvæðum.